

KOSNINGAR 8. APRÍL

Kvennabaráttan og Kvennalistinn

I

EFTIR glesilegan kosningasigur R-listans í Reykjavík á síðastliðnu vori, þar sem Kvennalistinn með Ingibjörgu Sólrúnú Gisladóttur þáverandi þingkonu og númerandi borgarstjóra, gegndi lykilhlutverki, kom upp su spurning hvort eitthvað sambærilegt samstarf væri æskilegt á landsvísu. Óllum er ljóst nú að ekki var pólitískur vilji til þess. Íslenska flokkakerfið er ekki i takt við þau meginátkar sem eiga sér stað í þjóðfélögnum en ekki fengjast nú skýrari línor í íslensk stjórnsmál ef aðeins tvær fylkingar, Sjálfstæðisflokkurinn og aðrir, byðu fram til þingkosninga. Nægir að nefna stjórnun fiskveida, afstöðu til ESB aðildar og til kvenfrelsísbáráttunnar til að sjá að samsvorun skorti á milli sílra fylkinga og stefnumiða. Þá er ljóst að stofnun Þjóðvaka Jóhönnu Sigurðadóttur, en einn klofningur Alþýðuflokksins, getur varla talist vænleg leið til að laga íslenska flokkakerfið að krofnum tímans. Umræðan verður því að öllum likindum óljós í mörögum stórmálum í komandi kosningum og baráttan um atkvæðin kann að snúast um persónur, hanaat og fjölmíðlaathygli fremur en grundvallaratríði.

Stada Kvennalistans

Við Kvennalistakonur eru nū að heyja okkar fjórðu kosningabaráttu til Alþingis. Kvennalistinn var stofnadr af konum sem töldu að sérframboð kvenna til Alþingis væri ein leið til að baeta stöðu þeirra. Hann er

eina stjórnsmálaflöld sem tekist hefur að hasla sér völl við hliðina á fjörflokknum á Íslandi lengur en í tvö kjörtímalög og hann hefur vakið heimsatthygli fyrir fram göngu sína, vinnubrögð og árangur. Kvennalistinn er stjórnsmálaflöld sem vill breyta samfélögnum og setja mannréttindi og samábyrgð í öndvegi. Hann er eina stjórnsmálaflöld sem hefur mannréttindi og kvenfelsi sem meginmarkmið og þar vega mannsæmanni laun eða efnahagslegt sjálfstæði hvers einstaklings langþyngst.

Pegar Kvennalistinn bauð fyrst fram voru 3 konur á Alþingi eða 5% og þær höfðu aldrei verið fleiri en það. Í kosningunum 1983 urðu þær 9 þar af 3 frá Kvennalistanum. Árið 1991 komust 15 konur inn á Alþingi eða 24%, þar af 5 Kvennalistakonur. Á Norðurlöndunum hefur verið skilningur innan stjórnsmálaflokkanna á mikilvægi þess að konur taki jafnan þátt í stjórnsmálum og karlar og því hafa ýmis afbrigði af kynjakvóta verið notuð til að ná árangri. Slíkur vilji hefur ekki verið til staðar í íslenska fjörflokknum. Konur hafa átt erfitt uppráttar í prófskjörum eða uppstillingum flokkanna, ekki síst fyrir þær kosningar sem nū fara í hönd. Tilvist Kvennalistans er haldbærasta skýringin á að konum hefur



Guðbjörnsdóttir

fjölgð að Alþingi undanfarin tölf ár. Tilvist hans hefur einnig styrkt stöðu kvenna innan fjörflokkanna, þó að enn sé langur vegur frá að kvenfrelsísmálin séu nokkurs staðar fremst í forgangsröðinni nema hjá Kvennalistanum.

Eftir 12 ár í stjórnarandstöðu virðist á brattann að sækja, þrátt fyrir það að líklega hefur kynjamréttið aldrei verið jafn sýnilegt og almennt viðurkennt og nú.

Kvennalistinn hefur ávallt sagt að breyta þurfi þessum viðhorfum og sifelli fleiri taka undir það. Pessi baráttá verður auðvitað að ná til karla líka þæði inni á heimilinum og á vinnumarkaði og því fagna ég því að íslenskir karlmein virðast hafa átt að sig að jafnréttismál kynjanna snerla mannréttindi karla jafnt sem kvenna og barna. Kvennalistinn er nū óðum að birta framboðslista sína. Stefnskráin eða Framtíðarsýn listans, sem konur hafa unnið við að endurskoða út um allt land frá því í haust, er tilbúin. Á 60 blaðsíðum er afstaða Kvennalistans til velflestra málaflokkka þjóðmálanna kynt á itarlegan en aðgengilegan hátt. Kjósendar eru hvattir til að kynna sér þessa Framtíðarsýn. Framundan er hörd en vonandi skapandi og skemmtileg kosningabaráttu, sem við Kvennalistans

göngum ákveðnar til. Mótþyrninn hefur hjáppað okkur enn betur saman, stráin úr grásrótinni styrkjast og dafna og nýjar konur eru hvattar til starfa. Kvennalistinn er þekktur fyrir örðruvissi aðferðir og vist munum við koma á óvart í þessari kosningabaráttu sem fyrir.

Launajafnrétti á oddinn

Kosningarnar í vor snúast ekki síst um það hvernig kjosendur treysta best til að setja jafnréttisbarátt kynjanna á oddinn og þar með möguleika allra til að lísa mannsæmandi lifi.

Talsmenn fjörflokkins hafa haft stórr ord um nýbirta skýrslu um launamál kynjanna, eins og að þær niðurstöður hafi komið þeim í opna skjöldu. Á það skal hins vegar bent að Kvennalistinn er eina stjórnsmála-

Pað er ekki gleymt, segir Guðný Guðbjörnsdóttir, að Ólafur Ragnar tók með bráðabirgðalögum launahækku af kennurum og öðrum háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum.

flöld sem setur kvenfrelsísbáráttuna í öndvegi, ekki síst launajafnréttu, því að efnahagslegt sjálfstæði er helsti hornsteinn kvenfelsi og grundvallarmannréttindi að okkar mati. Þetta eru ekki nýjar áherslur eins og gjörla sést af málflutningi Kvennalistans á Alþingi frá upphafi, sem oftar en ekki var fyrir daufum eyrum fjörflokkins. Þjóðin er ekki búin að gleyma að það var Ólafur Ragnar Grímsson sem, með bráðabirgðalögum, tók þá launahækku

af kennurum og öðrum háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum sem samið hafði verið um að sínum tíma. Þjóðin veit einnig að Davíð Oddsson samþykkti ekki það frumvarp sem hann notaði til að leysa sjúkraliðdeiluna og að sú lausn var reiðuð á þeiri deli að taka aftur þá leiðréttingu sem hjúkrunarfæðingar höfðu fengið í sínum kjarasamningum. Flokkar þeirra Davíðs og Ólafs Ragnars eru ekki trúverðugir til að endurmetsa störf kvenna þannig að eðli starfanna og menntunin sem þau krefjast verði metin að verðleikum.

Nú eru 20 ár síðan fyrstu löginn um jafnrétti kvenna og karla voru sett, án þess að jöfn stáða kvenna og karla sé í augssýn. Það er mikil umhugsunarefn hversu léttvæg þau lög hafa reynst í þessari baráttu. Þau eru margbrotin án þess að nokkuð sé gert. Það er ekki nóg með að háskólamenntun kvenna hafi einungis 60% vægi hvad laun vardar miðað við háskólamenntun karla, þá fá afgreiðslukonur einungis 71% af tímakaupi karla í sambærilegu starfi og skrifstofukonur einungis 76%. Slíkur launamunur er síðan notaður til að dæma konum lægri örorkubætur en körlum út lífið. Það er von min að sú breyting sem nú er í burðarlöndum á mannréttindaákvæðum stjórnarskráinnar tryggi að réttur kvenna gagnvarl lögum og dómnstólu verði jafn sterkur og réttur karla og að jafnréttislögin geti orðið það tæki sem þeim er vonandi ætlað til að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla.

Enn er mikil verk að vinna í íslenskri kvennabaráttu. Konur verða að standa saman til að berjast fyrir felsi sinu og sjálfstæði. Munum einnig að kvennabaráttan er fyrir alla, konur, börn og karla. Við verðum að breyta heiminum sjálfar, það gerir það enginn fyrir okkur.

Höfundur er dósent við Háskóla Íslands og skipar 2. sæti Kvennalistans í Reykjavík í kosningum til Alþingis.

Kvennabaráttan og Kvennalistinn

II

Í FYRRI grein minni fjallaði ég um stöðu Kvennalistans og kosningarnar framundan. Hér verður vikið að hugmyndafræði Kvennalistans og kvennabaráttunnar.

Kvennabaráttan og hugmyndafræðin

Feminismi er sú hugmyndafræði sem Kvennalistinn hefur byggt á frá upphafi. Innan hennar má greina margs konar áherslur, enda tilkast nú að tala um kvenfrelsstefnur eða „feminisma“ í fleirtölu. Allar stefna þær að kvenfrelsi – að gera konur efnahagslega sjálftædar og frjálsar; að gera störf heirra og reynslu sýnilegri og afnema alla mismunun á grundvelli kynferðis. Áherslumun má merkja um leiðir og rök til að ná settum markmiðum. Þar sem konur koma úr öllum stéttum og hafa mjög mismunandi lífsskoðanir og aðstæður eru til bæði hægrisinsaðar og vinstrisinsaðar kvenfrelskonur. Kvennalistinn vill vera málsvari allra kvenna og hefur því ávallt hafnað því að vera flokkaður til hægri eða vinstri og kennt sig við „þriðju viddina“. Ænn er stefnt að kvenfrelsi allra kvenna og því að grundvallarmannréttindi séu virt.

Sú kvenfrelsstefna sem mest var áberandi þegar fyrstu jafnréttislögin voru sett árið 1975 var frjálslyndur feminismi. Áhersla var lögð á að konur ættu að fá aðgang að öllu sem karlar hefðu aðgang að. Jafnrétti á forsendum karla eða þess þjóðfélags sem þeir höfðu mótað. Með tilkomu Kvennaframboðsins árið 1982 og Kvennalistans árið 1983 komu nýjar áherslur, sem

stundum eru kenndar við menningarfeminismi. Áhersla var lögð á að konur ættu sameiginlega reynslu sem gæfi þeim aðra sýn á veruleikann sem koma þyrti fram í stjórnmálum. Þetta birtist ekki síst í aukinni áherslu á að endurmeta þurfi störf kvenna og á að vinna gegn öllu ofbeldi gagnvart konum og börnum. Þó að áherslan hafi ávallt verið á sameiginlega reynslu, en ekki á sameiginlega eiginleika kvenna, festust smám saman ákveðnar klisjur við kvennalistakonur. Þær áttu helst allar að vera „hagsýnar húsmæður“, „hlýjar mæður“, „fríðarsinnar“ og sú gagnrýni var sett fram á prenti að kvennalistakonur klæddu sig á ákveðinn hátt! Það skal áréttat að ekkerf að þessu var nokkurn tímam hluti af hugmyndafræði samtakanna. Á meðan sumar kvennalistakonur virtust fyllilega sáttar við þessar klisjur, þá særðu þær frelsistilfinningu annarra, sem ekki vildu láta skilgreina sig út frá hefðbundnum kvenlegum dyggðum. Slikt væri of takmarkandi fyrir kvenfrelskonur sem ávallt hafa risið upp gegn ríkjandi hefðum, krafist frelsis í hegðun og últiti og aðstöðu til að hafa áhrif á eigin líf og samfélag.

Undanfarin ár hefur þess orðið vart bæði innan Kvennalistans og í erlendum kvenfrelshreyfingum að konur leggja vaxandi áherslu á að þrátt fyrir sameiginlega reynslu sé ekki síður mikilvægt í allri



Guðbjörnsdóttir

kvennabaráttu að taka mið af margbreytileika kvenna. Með því er átt við að aðstæður kvenna séu breytilegar og þær sjálfar um leið þar sem sjálfsmynindin mótið af stöðu fólks og aðstæðum frekar en af meðfæddum eða kynbundnum eiginleikum. Þetta þýdir m.a. að það er fremur staða kvenna í samfélaginu sem dregur úr þeim kjark fremur en einhverjur eiginleikar sem einkenni þær sem einstaklinga eða hóp. Nægir að benda á misréttið í launamálum eða á fæð kvenna í valdastöðum til að sjá að mikil vantar á að um jafna stöðu kynjanna sé að ráða.

Þetta sýnir glöggt hversu mikilvægt það er að staða kvenna sé ekki lakari en karla og um leið að ekki er líklegt að karlar viki úr valdastöðum fyrir konum. Konur sem eru í kvennabaráttu eru sannfærðar um að konur verða sjálfar að breyta þessari stöðu, enginn annar muni gera það. Einnig að einstaklingsbaráttu hvorrar og einnar er til lítils í kvennabaráttunni, nema hún nýtist öðrum konum um leið.

Kvennabaráttá á hægri væng

Athygli vakti á nýliðnu ári þegar ungar konur í Sjálfstæðisflokknum héldu fundi um kvennabaráttu „til hægri“. Þær raddir heyrðust að úr því að Kvennalistinn hefði farið í samstarf með félagsþyggiflokkunum í Reykjavík, væri ljóst

að nann neito skipao ser „til vinstr“. Það virtist því mikilvægt að sýna fá að það væri engin mótsögn í því að vera hægrimanneskja og að vera kvenfrelskona, sem auðvitað er rétt. En þó að Kvennalistinn hafi farið til samstarfs við aðra flokka í Reykjavík er ekki þar með sagt að hann sé vinstrflokkur. Ef svo væri, hlytu allir íslenskir stjórnmálauflokkar að teljast vinstriflokkar, samanber samsteyptjónir fyrr og síðar.

Það yrði mér mikil fagnaðarefni ef kvenfrelsisbaráttan næði inn í Sjálfstæðisflokkinn, en furðu sætið að þessar ungu sjálfstæðu konur skuli ekki hafa farið af stað fyrr en eftir að flestir listar flokksins höfðu verið ákveðnir. Hefði ekki verið æskilegra að hefja starfið fyrr svo að þær gætu sjálfar tekið þátt í prófsjörum flokksins eða að minnsta kosti stutt þær konur sem buðu sig fram? Finnst þeim virkilega líklegt að þeir Davíð, Friðrik eða Ólafur G. séu líklegir til að setja kvenfrelismálin á oddinn? Jú, þær segja að það gangi upp af því að kvennabaráttu til hægri sé kvennabaráttu þar sem sjálfstæði einstaklingsins er í fyrirrúmi. Þær ætla sem sagt annaðhvort að fara til baka til ársins 1975 og leggja áherslu á að konur geti gert allt það sama og karlar á forsendum karla eða að þær ætla að berjast ein og ein fyrir eigin frama en eru ekki að hugsa um aðrar konur. Ef svo er getur það varla kallast kvennabaráttu. Vonandi sjá kjós-endur í gegn um þessar blekkingar.

Kraftur samstöðunnar og margbreytileikans

Í Framtíðarsýn Kvennalistans fyrir komandi kosningar er bæði lögð áhersla á sameiginlega reynslu kvenna og á margbreytileika kvenna. Einnig að virða verði rétt kvenna til að velja sér þann lífsfarveg sem þær kjósa. Kvennalistinn hvetur konur til að vinna sameiginlega að bættri stöðu allra kvenna með áherslu á sysstrasamtöðu og ábyrgð en um leið er lögð áhersla á að aðstæður kvenna eru

Hugmyndafræði
Kvennalistans
byggist á feminismi,
segir Guðný
Guðbjörnsdóttir,
kvenfrelsi og
mannréttindum.

breytilegar, t.d. eftir búsetu, menntun, kynhneigð, aldrí eða hjúskaparstöðu. Þetta kallar á að við hlustum vel á allar mismunandi raddir og virðum margbreytileikann jafnt í skoðunum sem í hegðun og últiti. Þó að Kvennalistinn leggi áherslu á malefnalega stjórnmálabaráttu og á aukið aðhald og gott siðferði í stjórnmálum, þá erum við kvennabaráttukonur sem risum gegn ríkjandi hefðum, viljum áhrif og völd til að breyta okkar aðstæðum. Aukið jafnrétti kynjanna mun koma allri fjölskyldunni til góða, líka börnum og körlum. Það er fagnaðarefni að æ fleiri karlar eru að átta sig að jafnréttisbaráttu kynjanna er mannréttindabaráttu fyrir alla. Feður vilja í vaxandi mæli fá að sinna foreldrahlutverkinu til jafns við mæður og stuðla að réttlátara samfélagi fyrir dætur sínar og syni.

Við kvennalistakonur viljum bæði hugarsþyltingu og aðgerðir til að vinna gegn launamírétti, að úrbótum í atvinnumálum, kjaramálum, efla menntun og rannsóknir og til að halda áfram baráttunni gegn ofbeldi innan heimilis sem utan. Er ekki kominn tími til að hleypa krafti samstöðunnar og margbreytileikans að við stjórn landsmálanna, nýjum hugmyndum og öðrum aðferðum? Hefur þjóðin efni á að hafna beirri nýsköpun og því hreyfiaflí sem Kvennalistinn er í íslenskum stjórnmálum? Svari hver fyrir sig.